

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 26. maí 2023
Málsnúmer: 202304-0021
BK

Efni: Drög að stjórnunar- og verndaráætlun friðlands í Flatey

Vísað er til tölvubréfs frá Umhverfisstofnun, dags. 14. apríl 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðland í Flatey.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér drögin og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í textanum er á nokkrum stöðum vísað í heimildir með númerum en engin heimildaskrá er til staðar.

Þessi setning í kaflanum *Skipulagsáætlanir* er torskilin:

„Í skipulaginu er friðlandið afmarkað eins og það var fyrir þess árið 2021 og er skilgreint sem náttúruverndarsvæði.“

Í kaflanum *Umferð frá sjó* er fjallað um vatnaleiktækí ýmiskonar en ekki er sett fram nein stefna þar að lútandi. Ljóst er að notkun hraðskreiðra og háværra tækja líkt og sjókatta fer illa saman við búsvæðavernd fugla og þyrfti slík iðja að vera takmörkunum háð með tilliti til varp- og fæðuöflunarsvæða.

Í kaflanum *Dýralíf* er eftirfarandi texti:

„Meðal annarra tegunda sem verpa í friðlandinu má nefna sjófugla á borð við lunda, fyl og máva og fugla sem sækja fæðu sína í fjörur og leirur, t.d. tjald, sendling lóupræl, sandlóu og tildru. Enn fremur má nefna hrossagauk, óðinshana og stelk [7].“

Hér þarf að gera skýrari greinarmun á varpfuglum í Flatey og fuglum sem einungis nýta svæðið til fæðuöflunar en tildra er far- og vetrargestur á Íslandi og sendlingur verpur ekki í Flatey.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við drögin.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur
Svið náttúruverndar

